

151. löggjafarþing 2020–2021.

Þingskjal x — x. mál.

Stjórnarfrumvarp.

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, nr. 52/1989 (bætt umhverfi endurvinnslu og skilagjalds á drykkjarvöruumbúðir)

Frá umhverfis- og auðlindaráðherra.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. Við bætist ný málsgrein á undan 1. mgr., svohljóðandi:

Markmið þessara laga er að skapa skilyrði fyrir myndun hringrásarhagkerfis með því að stuðla að söfnun og endurvinnslu allra einnota drykkjarvöruumbúða, að minnka notkun slíkra einnota umbúða og skilvirkri auðlindanýtingu.

b. Í stað „14,41 kr.“ í 2. másl. 1. mgr., er verður 2. mgr., kemur: 15,31 kr.

c. Orðin „og skal ráðherra hækka hámarksfjárhæðina í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs frá síðustu hækkun gjaldsins“ í 2. másl. 1. mgr. falla brott.

d. Orðin „að undanskildum þeim vörum sem seldar eru til tollfrjálsrar verslunar, sbr. 3. mgr.“ í 3. másl. 1. mgr. falla brott.

e. Á eftir orðunum „og skal fjárhæð hennar án virðisaukaskatts vera“ í 4. másl. 1. mgr. kemur: 6,50 kr. fyrir umbúðir úr stáli, 0,80 kr. fyrir umbúðir úr áli, 6,30 kr. fyrir umbúðir úr gleri stærra en 500 ml, 4,90 kr. fyrir umbúðir úr gleri 500 ml og minni, 4,20 kr. fyrir umbúðir úr lituðu plastefni, 2,30 kr. fyrir umbúðir úr ólituðu plastefni og 1,30 kr. fyrir umbúðir úr endurunnu ólituðu plastefni.

f. Á eftir 3. mgr., er verður 4. mgr., kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Þeir aðilar sem selja farþegum og áhöfnum millilandafara vörur úr tollfrjálsri verslun við brottför frá landinu, sbr. 1. mgr. 104. gr. tollalaga nr. 88/2005, skulu leggja á og greiða gjald skv. 1. mgr. eins og um væri að ræða sölu innan lands. Þeir skulu taka á móti notuðum skilagjaldsskyldum umbúðum frá neytendum og endurgreiða skilagjald sbr. 1. mgr. 3. gr. laganna.

g. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Gjaldskylda skv. lögum nær einnig til sendiráða og alþjóðastofnana sem flytja inn vörur í gjaldskyldum umbúðum.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. Orðið „skilagjaldsins“ í 3. másl. 1. mgr. fellur brott.

b. Við 1. mgr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Skila má hluthöfum hóflegum arði af því hlutfé sem þeir hafa lagt fram í félagið, sbr. viðmið um meðalinnlánsvexti fjármálastofnana.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

- a. 2. másl. 2. mgr. orðast svo: Félagið skal stuðla að því að umbúðir fari til undirbúnings fyrir endurnotkun, endurvinnslu eða annarrar endurnýtingar í samræmi við forgangsröðun við meðhöndlun úrgangs, sbr. lög um meðhöndlun úrgangs, eða komi þeim annars til förgunar.
- b. Í stað orðsins „skilum“ í 1. másl. 3. mgr. kemur: árangri við söfnun.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

- a. Á eftir orðunum „um framkvæmd laga þessara, m.a.“ í 1. másl. 1. mgr. kemur: markmið um söfnun, innheimtu og endurgreiðslu skilagjaldsins og stærð, gerð og efnisval skilagjaldsskyldra umbúða fyrir drykkjarvörur.
- b. 2. másl. 1. mgr. fellur brott.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 5. gr. laganna:

- a. Orðin „við komu til landsins“ í 3. tölul. falla brott.
- b. Á eftir orðunum „sbr. 3. mgr.“ í 3. tölul. kemur: og 4. mgr.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

1. Inngangur.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á lögum nr. 52/1989 um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur.

Frumvarpið var samið í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu að höfðu samráði við Endurvinnsluna hf. og fleiri aðila hvað varðar einstaka þætti þess. Nánar er fjallað um samráð í 5. kafla.

Árið 1989 voru samþykkt lög um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur. Samhliða setningu laganna var stofnað hlutfélag, Endurvinnslan hf., til að sjá um umsýslu skilagjalds og söfnun og endurvinnslu umbúða. Endurvinnslan hf. hefur einkarétt til að starfrækja skilakerfi drykkjarvöruumbúða og á samkvæmt lögunum að koma upp skilvirku fyrirkomulagi á söfnun drykkjarvöruumbúða um land allt, kappkosta að ná sem bestum skilum og koma umbúðunum til endurvinnslu.

Í lögum nr. 52/1989 er kveðið á um að á innfluttar drykkjarvörur úr einnota umbúðum úr stáli, áli, gleri og plasti skuli leggja skilagjald og umsýsluþóknun sem innheimt er við tollafgreiðslu. Sama gjald er lagt á drykkjarvörur sem framleiddar eru eða átappaðar hér á landi og seldar í sams konar umbúðum. Gjöldin eru einnig lögð á drykkjarvörur sem seldar eru við komu til landsins í tollfrjálsri verslun. Í reglugerð nr. 750/2017, um söfnun, endurvinnslu og skilagjald á einnota drykkjarvöruumbúðir, er fjallað um álagningu gjaldanna.

2. Tilefni og nauðsyn lagasetningar.

Í nóvember 2017 skipaði umhverfis- og auðlindaráðherra starfshóp um drykkjarvöruumbúðir og skilaði hann niðurstöðum sínum til ráðherra með skýrslu þann 4. júlí 2018. Í skýrslunni er að finna tillögur að aðgerðum um hvernig bæta megi umhverfi endurvinnslu og skilagjalds á umbúðir fyrir drykkjarvörur. Þá hefur Endurvinnslan hf. óskað eftir hækkun á skilagjaldi ásamt breytingum á umsýsluþóknun. Með frumvarpinu er ætlunin að koma til framkvæmdar nokkrum af þeim tillögum sem fram koma í skýrslu starfshópsins, ásamt breytingum á skilagjaldi og umsýsluþóknun, til að tryggja skilvirka framkvæmd skilakerfisins.

Markmið stjórnvalda um meðhöndlun úrgangs er að draga úr sóun, stuðla að endurnotkun, endurvinnslu og endurnýtingu og stuðla þannig að lágmarks förgun í anda hringrásarhagkerfisins. Áhersla varðandi einnota drykkjarvöruumbúðir er því á að ná sem bestri söfnun og tryggja sem mesta endurvinnslu og draga úr eða koma í veg fyrir förgun þeirra. Stefnt er að innleiðingu tilskipana er varða hringrásarhagkerfið á næstunni og verða lög um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur að vera í samræmi við þá innleiðingu, lög um meðhöndlun úrgangs og lög um úrvinnslugjald.

3. Meginefni frumvarpsins.

Í frumvarpinu eru eftirfarandi tillögur gerðar sem fela í sér breytingu á lögum nr. 52/1989 um umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur:

- Gerð er tillaga að markmiðum laganna til samræmis við markmið hringrásarhagkerfisins.
- Lögð er til hækkun á skilagjaldi á hverja umbúðaeiningu þannig að það verði 17 kr. á einingu með virðisaukaskatti í stað 16 kr. í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs. Samhliða er gerð tillaga um að fella út ákvæði um að ráðherra skuli hækka fjárhæðir í samræmi við vísitölu neysluverðs en rétt þykir að hækkanir á gjöldum verði gerðar með lögum en ekki reglugerð.
- Gerð er tillaga um breytingar á umsýsluþóknun umbúða og að tekið verði upp gjald á nýja umbúðaeiningu sem er endurunnið ólitað plast.
- Gerð er tillaga um að aðilar sem selja farþegum og áhöfnum millilandafara vörur úr tollfrjálsri verslun við brottför frá landinu skulu leggja á og greiða skilagjald og umsýslugjald eins og um væri að ræða sölu einnota drykkjarvöruumbúða innan lands, rétt eins og gilt hefur um sölu á drykkjarvörum við komu til landsins. Þá er gerð tillaga um að gjaldskylda skv. lögnum nái einnig til sendiráða og alþjóðastofnana.
- Gerð er tillaga um að miða heimild hluthafa Endurvinnslunnar hf. um hóflegan arð af hlutafé við meðalinnlánsvexti fjármálastofnana.
- Gerð er tillaga um ítarlegra ákvæði um skyldur Endurvinnslunnar hf. að sjá til þess að til staðar sé skilvirkt fyrirkomulag á söfnun gjaldskyldra drykkjarvöruumbúða um allt land, og lögð til reglugerðarheimild um markmið um söfnun umbúða og um stærð umbúða.

4. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.

Frumvarpið gefur ekki tilefni til að skoða samræmi við stjórnarskrá. Það snýr óbeint að skuldbindingum Íslands samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið þar sem sérlög um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur verða að vera í samræmi við lög um meðhöndlun úrgangs og taka mið af söfnunarmarkmiðum mismunandi úrgangsflokka.

5. Samráð.

Frumvarp þetta byggir annars vegar á skýrslu starfshóps um drykkjarvöruumbúðir frá 4. júlí 2018 en verkefni hópsins var að koma með tillögur um hvernig mætti bæta umhverfi endurvinnslu og skilagjalds á umbúðir fyrir drykkjarvörur. Í starfshópnum sátu fulltrúar tilnefndir af umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, Samtökum atvinnulífsins, Umhverfisstofnun, Endurvinnslunni hf., Tollstjóra og frjálsum félagasamtökum á sviði umhverfisverndar. Þá byggir frumvarpið hins vegar á beiðni Endurvinnslunnar hf. um hækkun á skilagjaldi og umsýsluþóknun frá 9. júlí sl. og 4. september sl.

Frumvarpið hefur verið unnið í samvinnu við Endurvinnsluna hf., en einnig aðra aðila er varðar einstaka þætti þess. Ráðuneytið birti áform um lagasetninguna í samráðsgátt stjórnvalda þann 31. ágúst sl. og var umsagnarfrestur til 15. september sl. Áður en áform um lagasetningu lágu fyrir var samráð haft við fjármála- og efnahagsráðuneyti og Endurvinnsluna hf. Samráð var einnig viðhaft við utanríkisráðuneytið er vegna áforma um gjaldskyldu sendiráða og alþjóðastofnana.

Ein umsögn barst um áformin í samráðsgáttina, frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Kemur fram í umsögn að Sambandið styðji umrædd áform enda sé mikilvægt að hækka skilagjald og auka hvata til bættra skila og minnka líkur á að umbúðir skili sér ekki til endurvinnslu. Nauðsynlegt sé einnig að umsýslugjöld á einingu standi undir kostnaði við þjónustu. Þá telur Sambandið jákvætt að stefnt sé að því að skilagjaldið nái til fleiri aðila og hvetur til innleiðingar á lágmarkskröfum framleiðendaábyrgðar í samræmi við nýlega löggjöf ESB um hringrásarhagkerfið.

Þegar samráði um frumvarpsdrögin í samráðsgátt stjórnvalda er lokið verður gerð grein fyrir umsögnum og viðbrögðum við þeim í þessum kafla greinargerðar.

6. Mat á áhrifum.

Gera má almennt ráð fyrir að frumvarpið hafi jákvæð áhrif á umhverfi og sjálfbæra þróun og almenning í ljósi þess að markmiðið með því er að samræma ákvæði sem styðja betur við myndun hringrásarhagkerfisins sbr. lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og lög nr. 162/2002 um úrvinnslugjald.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að sendiráð og alþjóðastofnanir greiði líkt og almenningur skilagjald og umsýslugjald vegna einnota drykkjarvöruumbúða, með það að markmiði að stuðla að söfnun og endurvinnslu þeirra drykkjarvöruumbúða sem þessir aðilar kaupa. Líta ber svo á að önnur sjónarmið gildi um umhverfisgjöld en hefðbundna skatta og gjöld sem umræddir aðilar greiða ekki í gistiríkinu. Frumvarpið gerir einnig ráð fyrir með sömu rökum að aðilar í tollfrjálstri verslun greiði skilagjöld, hvort sem farþegar séu að fara frá eða koma til landsins.

Þá leiðir frumvarpið til þess að eigendur Endurvinnslunnar hf. geti einungis greitt sér arð sbr. viðmið um meðalinnlánsvexti fjármálastofnanna. Skoðun ráðuneytisins hefur leitt í ljós að arðgreiðslur hafa verið hóflegar eins og fram kemur í lögnum en leggur til þessa viðbót til að skýra betur hvað hóflegur arður sé. Eðlilegt er að eigendur sem hafa bundið fé í kerfinu með því að leggja fram stofnfé eða hlutafé geti átt kost á að láta það bera arð í samræmi við að það væri inni á innistæðureikningi í banka, þannig að stofnfé eða hlutafé ryrni ekki.

Um einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í a. lið er gerð tillaga að markmiðsákvæði í lögum til samræmis við markmið hringrásarhagkerfisins. Segir að markmið laganna sé að skapa skilyrði fyrir myndun

hringrásarhagkerfis með því að stuðla að söfnun og endurvinnslu allra einnota drykkjarvöruumbúða, að minnka notkun slíkra einnota umbúða og skilvirkri auðlindanýtingu. Rétt þykir að vera með slíka markmiðsgrein í lögnum sem endurspeglar einnig þá stefnumótun sem á sér stað á EES–svæðinu um meðhöndlun úrgangs.

Í b. lið er lögð til hækkun á skilagjaldi á hverja umbúðaeiningu þannig að það verði 15,31 kr. á einingu án virðisaukaskatts í stað 14,41 kr. í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs (17 kr. í stað 16 kr. með virðisaukaskatti). Eins og gert ráð fyrir í lögnum þá á skilagjaldið að fylgja vísitölu neysluverðs, einnig sem það er skynsamlegt til að viðhalda hvata um að skila umbúðum í réttan farveg.

Í c. lið er gerð tillaga um að fella út ákvæði um að ráðherra skuli hækka fjárhæðir í samræmi við vísitölu neysluverðs. Í 1. mgr. 4. gr. segir að kveðið skuli nánar á í reglugerð um framkvæmd laganna m.a. um fjárhæð skilagjalds. Í framkvæmd hefur fjárhæðum verið breytt með lögum en ekki eingöngu með reglugerð ráðherra. Í seinni tíð hafa komið fram sjónarmið um að skilagjald beri einkenni skatta fremur en þjónustugjalda. Óvarlegt yrði að hækka fjárhæðir með reglugerð í því ljósi og því lagt til að ákvæðið falli brott. Rétt þykir að hækkunar á gjöldum verði áfram gerðar með lögum en ekki eingöngu reglugerð. Eftir sem áður má stefna á að skilagjaldið haldi verðgildi sínu til að stuðla að hvata fyrir skilum og rétt að Endurvinnslan hf. geri stjórnvöldum áfram grein fyrir þörf á hækkun gjaldsins ef tilefni er til.

Í d. lið er gerð tillaga um að fella út texta til samræmis við tillögu sem gerð er grein fyrir í f. lið um brottfall undanþágu frá gjaldskyldu fyrir aðila sem selja farþegum og áhöfnum millilandafara vörur úr tollfrjálstri verslun við brottför frá landinu.

Í e. lið eru gerðar tillögur um hækkun á umsýsluþóknun. Þar segir að til viðbótar skilagjaldi skuli með sama hætti taka umsýsluþóknun fyrir hverja umbúðaeiningu úr stáli, áli, gleri og plastefni og skal fjárhæð hennar án virðisaukaskatts vera 6,50 kr. fyrir umbúðir úr stáli (hækkun um 1 kr.), 0,80 kr. fyrir umbúðir úr áli (hækkun um 0,60 kr.), 6,30 kr. fyrir umbúðir úr gleri stærri en 500 ml (hækkun um 1 kr.), 4,90 kr. fyrir umbúðir úr gleri 500 ml og minni (hækkun um 1 kr.), 4,20 kr. fyrir umbúðir úr lituðu plastefni (hækkun um 1 kr.), 2,30 kr. fyrir umbúðir úr ólituðu plastefni (hækkun um 1 kr.) og 1,30 kr. fyrir umbúðir úr endurunnu ólituðu plastefni. Nýmæli felst í því að tiltaka sérstaklega umbúðir úr endurunnu plastefni (RPET). Gera má ráð fyrir að framleiðendur muni í auknum mæli nýta endurinnið plast í drykkjavöruumbúðir enda er það umhverfisvænna en nýtt plast. Til að ýta undir þessa þróun er lagt til að umsýsluþóknun sem lögð verður á þessa tegund umbúða verði lægri en sú þóknun sem lögð er á sambærilegar umbúðir sem ekki eru gerðar úr endurunnu plastefni. Lagt er upp með að það verði útfært í reglugerð, með stoð í 1. mgr. 4. gr. laganna, hvaða skilyrði plastumbúð þarf að uppfylla til að hún teljist vera úr ólituðu, endurunnu plastefni.

Ýmis rök eru fyrir hækkun á umsýsluþóknun. Endurvinnslan hf. hefur bent ráðuneytinu á að skil í kerfinu hafi aukist undanfarið sem þýði að meira er greitt út af skilagjaldi. Í því sambandi er vakin athygli á að lögin heimila Endurvinnslunni hf. að fá skilagjald af þeim umbúðum sem eigi er skilað til að standa undir rekstri sínum. Þá hafi félagið kostað til fjármagni til að ná enn betri skilum sbr. meiri kröfur sem gerðar eru til skilakerfisins. Þá hafi átt sér stað almennar launahækkunar. Megin ástæður séu hins vegar að mikil lækkun hefur orðið á álverði á heimsmarkaði og fær félagið því minna fyrir það ál sem flutt er út til endurvinnslu. Einnig hefur orðið verðlækkun á plasti. Þá búi félagið sig undir að breyta ferlum er varðar endurnýtingu á gleri og stefni á að það fari frekar í endurvinnslu sem kallar á útflutning og meiri kostnað. Þá hefur neyslumynstur verið að breytast þannig að umbúðum úr gleri og plasti hefur verið að fækka en aukning orðið í álumbúðum, sem bera mun lægri umsýsluþóknun en hinar fyrrnefndu tegundirnar. Loks er óvissa í húsnæðismálum

Endurvinnslunnar hf. á næstu misserum en skrifstofur og stærsta móttökustöð félagsins að Knarrarvogi 4 í Reykjavík er á staðsetningu þar sem Reykjavíkurborg hefur gert ráð fyrir öðru skipulagi. Telur Endurvinnslan hf. að á næstu misserum verði félagið því að flytja starfsstöð sína í Knarrarvogi annað en hvorki liggur fyrir hvert né hvernig það verði fjármagnað. Þó liggur fyrir að félagið hafi takmarkað svigrúm til fjárfestinga og taka þurfi mið af því við ákvörðun um umsýsluþóknun sem ber að standa undir rekstri skilakerfisins. Afkomuspá Endurvinnslunnar hf. gerir ráð fyrir rekstrartapi næstu árin að óbreyttu og erfiðri lausafjárstöðu sem fer eftir ýmsum breytum er varðar verð á umbúðaúrgangi, gengi krónunnar, skilahlutfalli umbúða í kerfið, þörf á nýrri aðstöðu og neyslumynstri neytenda. Er því gerð tillaga um hækkun á umsýsluþóknun til að mæta þessum þörfum Endurvinnslunnar hf. sem ber þá skyldu að reka skilvirkt skilakerfi og verða gjöld að standa undir slíkum rekstri.

Í f. lið er lagt til að þeir aðilar sem selja farþegum og áhöfnum millilandafara vörur úr tollfrjálsri verslun við brottför frá landinu, sbr. 1. mgr. 104. gr. tollalaga nr. 88/2005, skulu leggja á og greiða gjald skv. 1. mgr. eins og um væri að ræða sölu innan lands. Samkvæmt gildandi lögum nr. 52/1989 er almennt ekki lagt skilagjald á drykkjarvörur sem seldar eru til tollfrjálsrar verslunar. Þó er lagt skilagjald á drykkjarvöruumbúðir sem seldar eru í komuverslun Fríhafnarinnar með sérstakri skilagrein sem Fríhöfnin sendir á tveggja mánaða fresti til tolyfirvalda. Tollyfirvöld fella niður skilagjald af drykkjarvörum sem fluttar eru til landsins og seldar eru í tollfrjálsum verslunum á flugvöllum og tollfrjálsum forðageymslum samkvæmt heimild í 53. gr. reglugerðar nr. 630/2008 um ýmis tollfríðindi. Áætlað er að í veitingarekstri í brottfararsal Leifsstöðvar hafi fallið til um það bil 2 milljónir eininga árið 2018 en þar er mest um innlenda framleiðslu að ræða. Munar þar mestu um drykkjarumbúðir úr plasti, næst í gleri en lítið fellur til af drykkjarvöruumbúðum úr áli. Talið er að þessar umbúðir verði að stærstum hluta eftir í landinu og skili sér til Endurvinnslunnar hf., sem endurgreiðir skilagjald jafnvel þótt skilagjald hafi ekki verið greitt af þessum umbúðum til skilakerfisins.

Þetta nýmæli er því til samræmis að þeir aðilar sem selja farþegum og áhöfnum millilandafara vörur úr tollfrjálsri verslun við komu til landsins, sbr. 2. mgr. 104. gr. tollalaga nr. 88/2005, skulu leggja á og greiða gjald skv. 1. mgr. eins og um væri að ræða sölu innan lands. Er þetta til marks um að fækka undanþágum í skilakerfinu og stuðla að því að allar umbúðir sem seldar eru og safnast á alþjóðaflugvöllum séu inni í kerfinu og að af þeim sé greitt. Þannig er gert ráð fyrir að aðilar sem selja drykkjarvörur í tollfrjálsri verslun við brottför frá landinu taki þá einnig við notuðum skilagjaldsskyldum umbúðum og endurgreiði skilagjald sem þeir sækja þá til Endurvinnslunnar hf.

Í g. lið er einnig lagt til að gjaldskylda skv. lögnum nái einnig til sendiráða og alþjóðastofnana sem flytja inn vörur í gjaldskyldum umbúðum. Ekki er vitað um hversu mikið magn er að ræða en reikna má með að sama hlutfall af þessum umbúðum skili sér til Endurvinnslunnar hf. eins og almennt gerist hér á landi. Önnur sjónarmið gilda um umhverfisgjöld en hefðbundna skatta og gjöld sem umræddir aðilar greiða ekki í gistiríkinu og því er tillagan gerð svo skilakerfið nái utan um allar gjaldskyldar umbúðir.

Um 2. gr.

Í a. lið er lagt til að taka út tilvísun til skilagjaldsins sem rætt er um umsýsluþóknun. Við setningu laganna var umsýsluþóknun hlutfalla af skilagjaldi en í lögnum eins og þau eru nú eru skilagjald og umsýsluþóknun sitthvort gjaldið og rétt að það sé skýrt.

Í b. lið er lagt til að skýra betur hvað átt er við með hóflegum arði af því hlutafé sem eigendur hafa bundið í félaginu og miðað við meðalinnlánsvexti fjármálastofnana og þá á

Íslandi. Skoðun ráðuneytisins á arðgreiðslum hefur leitt í ljós að þær hafa verið hóflegar en rétt þykir samt sem áður að skýra hvað felst í hugtakinu.

Um 3. gr.

Í a. lið er gerð tillaga að orðalagi sem er í samræmi við orðalag í lögum um meðhöndlun úrgangs um forgangsröðun við meðhöndlun úrgangs þar sem lögð er áhersla á endurnotkun, endurvinnslu og aðra endurnýtingu.

Í b. lið er gerð tillaga um að skýra betur að Endurvinnslan hf. skuli kappkosta að ná sem bestum skilum í söfnun á umbúðum. Að bæta við orðunum „í söfnun“ er til áréttingar á því að félagið ber að safna umbúðum en aðrir sem skila umbúðum til skilakerfisins.

Um 4. gr.

Í a. lið er gerð tillaga að heimild ráðherra til að setja reglugerð nái einnig til þess að kveða nánar á um framkvæmda laganna hvað varðar markmið um söfnun og um stærð drykkjavöruumbúða. Þetta er í samræmi við aðra löggjöf um meðhöndlun úrgangs að setja með formlegum hætti í löggjöf söfnunarmarkmið einnig sem hægt er að innleiða með þeim hætti markmið sem koma í gegnum EES-samninginn. Þá kom fram í skýrslu starfshópsins að rétt væri að setja inn ákvæði um stærð umbúða í kerfinu. Um er að ræða heimildarákvæði.

Í b. lið er gerð tillaga að því að fella brott texta sem varðar ákvörðun umsýsluþóknunar. Hefur efni ákvæðisins verið breytt og fært frammar í lögin sbr. umfjöllun um b. lið 2. gr. frumvarpsins.

Um 5. gr.

Gerð er tillaga um að fella út texta til samræmis við tillögu sem gerð er grein fyrir í g. lið 1. gr. frumvarpsins um brottfall undanþágu frá gjaldskyldu fyrir aðila sem selja farþegum og áhöfnum millilandafara vörur úr tollfrjálsri verslun við brottför frá landinu. Þannig er gert ráð fyrir að skilagjald og umsýsluþóknun verði innheimt úr allri tollfrjálsri verslun.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.